

Þjónustusamningur milli Héraðsskjalsafns Árnesinga og Skeiða- og Gnúpverjahrepps

1. Aðilar samnings

Aðilar að samningi þessum eru Héraðsskjaliasafn Árnesinga kt. 630189-2849, Austurvegi 2, 800 Selfossi, hér eftir nefnd „þjónustuveitandi“ og Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602-4410, Árnesi 804 Selfoss, hér eftir nefnt „þjónustukaupi“ og sameiginlega nefndir „samningsaðilar“.

2. Verkefnið

Þjónustuveitandi skuldbindur sig til að taka að sér hlutverk persónuverndarfulltrúa fyrir hönd þjónustukaupa og afhenda þá þjónustu sem kemur fram í 4. kafla samnings þessa.

3. Gildistími

Samningur þessi er í gildi frá 1. desember 2021 og er ótímabundinn.

4. Nánari útlistun á verkefni

4.1 Þjálfun starfsmanna

Þjónustuveitandi skuldbindur sig til að halda námskeið um persónuverndarlöggjöfina fyrir starfsmenn þjónustukaupa. Eðli og fjöldi námskeiða mun taka mið af þörfum þjónustukaupa, en allir starfsmenn sem vinna með skjöl eða önnur gögn sem innihalda persónuupplýsingar skulu taka þátt í málstofu/námskeiði um persónuvernd og meðferð skjala í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og lög nr. 90/2014 um opinber skjalasöfn minnst einu sinni á ári.

4.2 Þjálfun nýrra starfsmanna

Þjónustuveitandi skuldbindur sig einnig til að halda námskeið um persónuverndarlöggjöfina fyrir nýja starfsmenn sem hefja störf hjá þjónustukaupa. Námskeið skulu taka mið af þörfum þjónustukaupa.

4.3 Aðgangur að sérfræðingi þjónustuveitanda

Þjónustuveitandi skuldbindur sig til að veita þjónustukaupa aðgang að sérfræðingi sínum í 5. klst. í hverjum mánuði.

4.4 Þjónusta sem sérfræðingur þjónustuveitanda innir af hendi

Þjónusta sem sérfræðingur þjónustuveitanda mun m.a. veita skv. kafla 4.3 er eftirfarandi:

- 4.4.1 *Eftirlit með því að lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sé framfylgt. Í því felst að þjónustukaupa er heimilt að bera undir sérfræðing þjónustuveitanda öll þau álitaefni sem tengjast lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*
- 4.4.2 *Regluleg endurskoðun á persónuverndarstefnu þjónustukaupa í samræmi við kröfur Persónuverndar þar um.*
- 4.4.3 *Reglulegar úttektir. Sérfræðingur þjónustuveitanda mun þegar ástæða þykir framkvæma úttektir til að ganga úr skugga um að lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sé framfylgt.*
- 4.4.4 *Reglulegar áminningar um mikilvægi persónuverndar. Sérfræðingur þjónustuveitanda mun upplýsa þjónustukaupa um mikilvægi persónuverndar og mál er tengjast persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga s.s. með tölvupóstum eða öðrum þeim hætti sem þurfa þykir hverju sinni. Það er á ábyrgð þjónustukaupa að tileinka sér tilmæli og ábendingar þjónustuveitanda.*

PTM
SM

Þjónustusamningur milli

Héraðsskjalasafns Árnesinga og Skeiða- og Gnúþverjahrepps

-
- 4.4.5 *Ráðgjöf vegna mats á áhrifum á persónuvernd. Sérfræðingur þjónustuveitanda mun aðstoða þjónustukaupa við framkvæmd á mati á áhrifum persónuverndar þegar það á við.*
 - 4.4.6 *Tengiliður við Persónuvernd. Sérfræðingur þjónustuveitanda mun sjá um samskipti við Persónuvernd fyrir hönd þjónustukaupa vegna venjubundins eftirlits Persónuverndar eða mála sem kunna að koma upp.*
 - 4.4.7 *Tengiliður við skráða aðila. Sérfræðingur þjónustuveitanda tekur að sér að annast samskipti við skráða einstaklinga fyrir hönd þjónustukaupa. Í því felst að skráðum einstaklingum er heimilt að beina fyrirspurnum til þjónustuveitanda um meðferð þjónustukaupa á persónuupplýsingum þeirra og hvernig þeir geti neytt réttar síns í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*

5. Kostnaður

5.1 Fast mánaðargjald

Þjónustukaupi skuldbindur sig til að greiða þjónustuveitanda fyrir fram og mánaðarlega kr. 82.102,- fyrir þá þjónustu sem sett er fram í köflum 4.1-4.4. um þjónustu sem þjónustuveitandi innir af hendi. Þjónustukaupa ber að inna fjárhæðina af hendi án tillit til þess hvort persónuverndarstefna hafi verið endurskoðuð, námskeið farið fram eða tímafjöldi verið fullnýttur.

5.2 Tímagjald

Fyrir hverja klst. umfram það sem tiltekið er í kafla 4.3 skal þjónustukaupi greiða hefðbundið tímagjald til þjónustuveitanda sem er kr. 18.315,- Þjónustukaupi fær 30% afslátt af tímagjaldi og greiðir því kr. 12.820,- fyrir hverja klst. umfram þær 5 klst. sem kveðið er á um í kafla 4.3.

5.3 Tilhögun reikninga

Þjónustuveitandi sendir þjónustukaupa reikning í upphafi hvers mánaðar vegna þeirrar vinnu sem á að fara fram þann mánuð sbr. kafla 4.3. Fari tímafjöldi þjónustuveitanda yfir 5 klst. á mánuði skal taka þá tíma saman. Greiða þarf sérstaklega fyrir vinnu umfram 30 klst. fyrir mánuðina janúar til júní og svo aftur júlí til desember skv. reikningi sem sendir eru á hálfss árs fresti í júní og desember. Gjalddagi og eindagi reikninga er 20 dögum eftir útgáfu þeirra.

5.4 Kostnaður vegna þjónustu frá þriðja aðila

Ef þjónustuveitandi þarf að kaupa þjónustu frá þriðja aðila vegna verkefna sem tiltekin eru í kafla 4 er þjónustukaupi skuldbundinn til að greiða þann áfallna kostnað sem til fellur með þeim fyrirvara sem settur er fram í kafla 7.3.

5.5 Endurskoðun gjaldskrár

Fast mánaðargjald og gjald fyrir hverja klst. skal endurskoða 1. janúar og 1. júlí ár hvert og taka mið af grunnvísítölu, *VÍKÍLUN NÝSLUVEÐS M. V. JÚLÍ 2021*

6. Tengiliðaupplýsingar samningsaðila

6.1 Tengiliðaupplýsingar þjónustuveitanda

Megintengiliður og sá sem hefur yfirumsjón með verkefni þessu að hálfu þjónustuveitanda er Þorsteinn Tryggvi Másson, héraðsskjalavörður thorsteinn@heradsskjalasafn.is

6.2 Tengiliðaupplýsingar þjónustukaupa

Megintengiliður og sá sem hefur yfirumsjón með verkefni þessu að hálfu þjónustuveitanda er Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúþverjahrepps, skeidgnup@skeidgnup.is.

Þjónustusamningur milli

Héraðsskjalasafns Árnesinga og Skeiða- og Gnúpverjahrepps

7. Aðrar skyldur þjónustuveitanda

7.1 Tilkynning vegna tímafjölda

Þjónustuveitandi skal tilkynna þjónustukaupa með viðeigandi hætti þegar hann hefur nýtt sér 2/3 af þeim tímafjölda sem tiltekinn er í kafla 4.3, þ.e. 20 klst. á fyrri helmingi hvers árs og 20 klst. á seinni helmingi hvers árs. Jafnframt skal þjónustuveitandi senda þjónustukaupa aðra tilkynningu með viðeigandi hætti þegar hann hefur nýtt sér 3 klst. af þjónustu umfram það sem tiltekið er í kafla 4.3. Tilkynning skal berast til sveitarstjóra, skeidgnup@skeidgnup.is.

7.2 Verkbókhald vegna þjónustu

Þjónustuveitandi skal halda verkbókhald og skrá skilmerkilega þá vinnu sem fram fer fyrir hönd þjónustukaupa. Koma þarf fram hver vinnan er, hver vinnur vinnuna og tímafjöldi. Verkbókhald skal vera aðgengilegt þjónustukaupa óski hann þess.

7.3 Þjónusta frá þriðja aðila

Ef þjónustuveitandi hyggst nýta þjónustu frá þriðja aðila skal hann greina þjónustukaupa frá því innan hæfilegra tímamarka. Skal þjónustuveitandi jafnframt gera grein fyrir kostnaði sem af því hlýst og gefa þjónustukaupa færi á að koma athugasemdum á framfæri. Þjónustuveitandi skal bundinn af óskum þjónustukaupa á um hvort tiltekin þjónusta þriðja aðila verði nýtt eða ekki.

7.4 Meðferð persónuupplýsinga

Þjónustuveitandi skuldbindur sig til að tryggja að meðferð á persónuupplýsingum vegna þessa samnings geti samrýmist lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

8. Skyldur þjónustukaupa

8.1 Nauðsynlega úrræði handa þjónustukaupa

Þjónustukaupi skal tryggja í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og að þjónustuveitandi hafi nauðsynleg úrræði til að framkvæma þau verkefni sem undir hann heyra og tiltekin eru í 4. kafla í samningi þessum. Þjónustuveitandi skal njóta stuðnings frá æðstu stjórn þjónustukaupa og hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum vegna starfs síns. Þjónustukaupi skal jafnframt gera stjórnendum og starfsmönnum sínum kunnugt um tilvist og hlutverk þjónustuveitanda.

8.2 Sjálfstæði þjónustuveitanda

Þjónustukaupi skal tryggja að þjónustuveitandi njóti sjálfstæði í starfi sínu í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þjónustukaupandi eftir fremsta megni forðast óeðlileg afskipti af verkefnum sem heyra undir þjónustuveitanda. Þjónustukaupandi er jafnframt óheimilt að refsa þjónustuveitanda fyrir að sinna hlutverki sínu með því að segja upp samningi þessum. Komi til þess að þjónustukaupi verði ósammála ráðleggingum þjónustuveitanda skal hann skjalfesta og rökstyðja ástæður þess með fullnægjandi hætti.

8.3 Ábyrgð á að lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

Þjónustukaupi ber samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga endanlega ábyrgð á því að löggjöfinni og þeim reglum sem Persónuvernd setur fram sé framfylgt.

þrm
SWS

Þjónustusamningur milli Héraðsskjalasafns Árnesinga og Skeiða- og Gnúpverjahrepps

8.4 Tilkynning samskiptaupplýsinga til Persónuverndar

Þjónustukaupi skal tilkynna til Persónuverndar að þjónustuveitandi hafi tekið að sér starf persónuverndarfyrirvara fyrir hans hönd. Eftirfarandi samskiptaupplýsingar skulu fylgja með tilkynningunni:

Nafn persónuverndarfyrirvara: *Héraðsskjalasafn Árnesinga, kt. 630189-2849, Austurvegi 2, 800 Selfoss.*

Netfang yfirumsjónarmanns: thorsteinn@heradsskjalasafn.is.

Sími: 4821259


9. Uppsögn samnings

Hvorum samningsaðila er heimilt að segja upp samningi þessum. Skal það gert skriflega með 3. mánaðar fyrirvara. Vanræki samningsaðilar alvarlega þær skyldur sem á þeim hvíla skv. samningi þessum skal gagnaðili skriflega greina frá vanhöldum og hefur samningsaðli þá mánuð til að leiðréttu það sem aflaga hefur farið og senda gagnaðila skriflega greinargerð þar um.

10. Trúnaður

Samningsaðilar skuldbinda sig til að gæta trúnaðar varðandi samning þennan og alla þá þætti sem þróaðir verða á grundvelli hans.

f.h. þjónustuveitanda



Porsteinn Tryggvi Másson
Héraðsskjalavörður

Héraðsskjalasafn
Dags. 20.12.2021

f.h. þjónustukaupa


Sylvia Karen Heimisdóttir
Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Dags.

Vottar að réttri undirritun:



Gjört með fyrir vara um samþykki stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga og framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs.